

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Akureyrar eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Akureyri:

Stöður bifreiða að austan í Þórunnarstræti 10 metra sitt hvoru megin við gatnamótin Þórunnarstræti/Bjarkarstígur eru bannaðar.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð á Akureyri sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

Sýslumaðurinn á Akureyri, 6. nóvember 2001.

Björn Jósef Arnviðarson.

GJALDSKRÁ

fyrir þjónustu er Rannsóknastofnun landbúnaðarins annast.

1. gr.

Gjald Rannsóknastofnunar landbúnaðarins fyrir útselda vinnu skal vera sem hér segir:

	kr./klst.
1. Rannsóknamaður	3.571
2. Sérfræðingur I	4.707
3. Sérfræðingur II	6.087
4. Sérfræðingur III	7.335

2. gr.

Stofnunin áskilur sér rétt til að leggja á aukagjald sé óskað forgangs þannig að nauðsynleg sé vinna utan dagvinnutíma.

3. gr.

Stofnuninni er heimilt að veita afslátt af útseldri þjónustu.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 64, 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna og öðlast gildi 1. janúar 2002. Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá fyrir þjónustu er Rannsóknastofnun landbúnaðarins annast nr. 13. 3. janúar 2001.

Landbúnaðarráðuneytinu, 6. nóvember 2001.

Guðni Ágústsson.

Sigríður Norðmann.